

Leiðari forstjóra

Ágætu framleiðendur. Nú þegar liður að jólum og lokum þessa rekstrarárs færir ég ykkur óskir um gleðilega og friðsæla jólahátíð fyrir hönd okkar 400 samstarfsmanna Auðhumlu og Mjólkursamsölnnar.

Þetta ár hefur verið okkur um margt gjöfult þó að náttúra og markaður hafi sannarlega gert viðfangsefnið fjölbreytilegt og ögrandi. Nú eru horfur á því að annað árið í röð verði hagnaður af starfsemi Auðhumlu og Mjólkursamsölnnar og rekstraráætlanir benda til þess að afkoman árið 2012 geti orðið svipuð. Það skiptir alla bændur höfuðmáli að eiga á að skipa öflugum félagskerfi og sterku vinnslu- og markaðsfyrirtæki. Það hefur þeim tekist að byggja hér upp á umliðnum árum. Það er að sýna sig þessi misserin að bændur stigu mikið gæfuspor þegar þeir hófust handa um sameiningu fyrirtækja sinna í mjólkuriðnaði árið 2005 og stofnuðu Mjólkursamsölnuna í núverandi mynd árið 2007.

Frá lokum seinna stríðs hefur mannfjöldi í heiminum þrefaldast og er nú um 7 milljarðar. Gert er ráð fyrir að milljarður bætist við innan 15 ára og 2 milljarðar inni 30 ára. Þörfin fyrir matvæli eykst því stöðugt og spár gera ráð fyrir að mjólkurneysla aukist mjög á næstu árum vegna breyttra neysluhátta sem koma ofan í fólksfjölgunina. En það verður ekki einfalt né auðvelt fyrir íslenska bændur að nýta þessi tækifæri. Það verður ögrandi verkefni að laga íslenska mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnað að nýjum tækifærum á alþjóðamarkaði og reyna að nýta þau án óásættanlegrar áhættu. Það er afar áhugavert að fylgjast með þróuninni á þessum markaði. Vinnslufyrirtæki í heiminum stækka og þeim fækkar. Í því felast auðvitað ógnir fyrir lítil fyrirtæki sem vilja feta sig inn á þennan markað, en einnig tækifæri því hér kunna að gefast færi á öflugum bandamönnum. Í grófum dráttum má skipta alþjóðamarkaðnum í tvennt. Annars vegar er það sem við getum kallað aftöppunarmarkaður fyrir duft og smjör. Þar eru verð-



sveiflur miklar. Verð fyrir duft og smjör náði nýjum hæðum sumarið 2011 en hefur síðan lækkað allnokkuð. Þrátt fyrir sögulega gott verð undanfarna mánuði hefur það þó ekki gefið nema sem nemur liðlega 40 krónum á lítra. Þarna eru tækifæri til að sækja lengra, en á móti eru ýmsir kostnaðarliðir bænda að hækka og afkoman fyrir marga því takmörkuð af þessari sókn. Sókn á þennan markað verður því mjög ögrandi fyrir bændur og krefst útsjónarsemi. Mjólkursamsalan hefur verið að vinna nýja markaði fyrir skyrútflytning, smjör í neytendapakkingum og með sölu framleiðsluleyfa fyrir skyr. Það er mun áhugaverðari markaður og þar mun MS beita kröftum sínum til að sækja fram. Það ber hins vegar að hafa í huga að góður árangur í skyrölu á alþjóðamarkaði getur hæglega kallað fram nýja samkeppni frá gríðarstórum fyrirtækjum, því hvarvetna eru mjólkurvöruframleiðendur að leita eftir nýjum framleiðsluvörum með góða framlegð.

Útsjónarsemi og hagræðing hafa verið leiðarstef í uppbyggingu Mjólkursamsölnnar og Auðhumlu undanfarna ár. Áfram verður haldið á þeirri braut. Með því er treyst geta félagsins til að greiða bændum hærra mjólkurverð og með því er unnið að því að lækka vöruverð á Íslandi, sem aftur styrkir sölnuna.

Ég þakka öllum bændum gott samstarf og traustan stuðning á umliðnu ári.

Með jólakveðju

Einar Sigurðsson



Fulltrúaráðsfundur Auðhumlu svf. 2.desember

Fulltrúaráð Auðhumlu kom saman til fundar í Reykjavík 2. desember síðastliðinn. Fundinn sátu á sjötta tug fulltrúa auk stjórnenda Auðhumlu og Mjólkursamsölunnar. Stjórnendur gerðu grein fyrir rekstri og stöðu Mjólkursamsölunnar, söluráangur ársins og horfurnar framundan. Í vinnuhópum var síðan farið yfir hagræðingarstefnu félagsins annars vegar og útflutningsstefnu hins vegar.

Í máli stjórnarformanns og forstjóra kom fram að horfur væru á svipaðri afkomu árið 2011 og 2010. Sala mjólkurafurða hefði verið umfram áætlanir, sem hefði ásamt verðhækkunum á árinu unnið upp óvæntar og miklar kostnaðarhækkanir vegna kjarasamninga, eldsneytisverðhækkana og gengisbreytinga. Egill Sigurðsson, stjórnarformaður Auðhumlu, sagði að enn væru fyrir hendi möguleikar til að styrkja rekstrarstöðu Mjólkursamsölunnar og í raun bráðnauðsynlegt vegna þeirra fjárfestinga sem félagið stæði frammi fyrir. Þetta væri hægt með því að ljúka sérhæfingu og einföldun í vinnslustöðvum, með því að ljúka hagræðingu flutningakerfis og með því að setja enn aukin kraft í uppbyggingu sterkra vörumerkja.

Einar Sigurðsson, forstjóri, rakti stærstu fjárfestingar sem Mjólkursamsalan er með í undirbúningi. Þær eru helstar:

- Ný þökkunarlína fyrir sýrðar vörur á Selfossi og endurbætur á húsnæði og grunnkerfum
- Endurnýjun ostaframleiðslu á Akureyri
- Ný mjólkurþökkun í Reykjavík, sem myndi færa alla drykkjarmjólk í fernur með tappa

Stjórnendur og stjórn félagsins hafa fjallað um þessi verkefni undanfarið og þau verða meðal annars til meðferðar á næstu stjórnarfundum. Fram kom á fulltrúafundinum áhugi margra fundarmanna á að þessum verkefnum yrði hraðað. Í hópavinnu á fundinum kom fram almennur vilji flestra þátttakenda á að fylgt yrði eftir hagræðingarvinnu félagsins, sem hefur verið helsta leiðastefið í starfsemi þess undanfarin ár og að líta bæri á heildarhagsmunina í þessari vinnu fremur en svæðisbundin sjónarmið um framleiðslukipulag. Helstu fyrirvarar sem settir voru lutu að því að ganga ekki of hratt fram í hagræðingu og tryggja að framleiðendur og starfsmenn hefðu upplýsingar um það sem í bígerð væri.

Hagrætt í flutningum

Á fulltrúafundinum gerði Pálmi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs MS, grein fyrir árangri í endurskipulagningu flutningakerfa félagsins. Þar kom fram að kostnaður við heildarflutninga Mjólkursamsölunnar með hráefni og afurðir hér innanlands er sá sami í krónutölu og var

árið 2008. Þetta er mjög mikill árangur þar sem eldsneyti hefur á þessu tímabili hækkað um 80% og aksturskostnaðarvísitölur sem Vegagerðin styðst við hafa hækkað um 60 – 70%. Það má segja að félagið hafi með þessum aðgerðum hagrætt fyrir öllum þessum hækkunum, sem hefur hlíft bændum við verulegum kostnaðarauka. Heildarflutningar Mjólkursamsölunnar, mjólkursöfnun og dreifing er um 180 þúsund tonn, sem er meira en nemur öllum þorskafli landsmanna. Félagið er því í hópi stærstu flutningafyrirtækja á Íslandi. Nú er lokið endurmati á dreifikerfinu frá Vopnafirði, suður og vestur um, allt til Ísafjarðar. Vinna er þegar hafin við endurmat kerfisins á Norðurlandi. Markmið þessarar vinnu var að ná allt að 200 milljóna króna hagræðingu á tveimur árum. Það tekst.

Það var viðbúið að endurskoðun af þessu tagi leiddi til einhverra breytinga sem yllu einhverjum óhagræði. Allt slíkt hefur verið tekið til umræðu og menn reynt að finna heppilegar lausnir. Þannig hefur til dæmis verið fjölgað um 50% ferðum með vörur til Ísafjarðar frá Reykjavík, fyrst og fremst til að bæta dreifingu vestra og skapa viðbótartryggingu gagnvart veðurtruflunum. Starfsmenn MS sem hafa staðið að þessu verki þakka öllum sem hlut eiga að máli þolinmæði og góðar ábendingar.




Smjör í norskan jólabakstur

Nokkur umræða hefur orðið um smjörskort í Noregi og nokkrir framleiðendur lýst áhuga sínum á að þjóna þessum markaði og að minnsta kosti að reyna að tryggja að Norðmenn þyrftu ekki að vera án jólabaksturs. Það hefði vissulega verið gaman að geta hjálpað uppá jólahald Norðmanna, en sem betur fer situr MS ekki uppi með óseldar smjörbirgðir. Sá tími er löngu liðin. Félagið flytur út jafnt og þétt allt árið smjör úr umframjólki og reyndar alltaf eitthvað úr greiðslumarksmjólki vegna þess að fitusala hér innanlands er ekki alveg á pari við próteinsöluna. Markmið með því að selja jafnt og þétt er að lækka birgðahaldskostnað. Fyrir vikið er verð til bænda fyrir umframjólki þeim mun hærra. Markaðurinn fyrir smjör hefur verið óvenjugóður á þessu ári, einkum á vormánuðum. Verðið hefur hins vegar lækkað á heimsmarkaði í haust.

Þær birgðir sem jafnan eru til af smjöri eru stilltar þannig að við erum vissir um að geta þjónað innanlandsmarkaði og að hér verði ekki skortur, sem myndi væntanlega hafa sömu afleiðingar og í Noregi. Þar hafa tollmúrar verið lækkaðir og smjör flutt inn. Okkar markmið er fyrst og fremst að þjóna innanlandsmarkaði með öruggu framboði og hagstæðu verði.

Þá er ósvarað spurningunni um hvort við eigum að framleiða meira til útflutnings. Það eru í raun engar hömlur á framleiðslu umframjólkur aðrar en þær sem markaðurinn setur okkur með verði. Það er veruleg umframframleiðslugeta í aðstöðu og tækjum mjólkurframleiðenda á Íslandi. Við þurfum að meta hvort við getum aukið verðmæti útflutnings, t.d. með því að leita markaða fyrir smjör í neytendaumbúðum og með því að auka útflutning skyr. Það myndi gera áhugaverðara að nýta umframgetuna og framleiða til útflutnings.



Enn sem komið er fer mest af umframframleiðslunni út í formi undanrennuduftis og smjörs í stórnotendapakningum. Þessi markaður tekur ekki mið af framleiðslukostnaði



íslenskra bænda heldur af eftirspurn og af kostnaði bænda í öðrum löndum, fyrst og fremst á Nýja Sjálandi. Við getum vissulega selt meira magn inn á þennan markað, en það er ekki á vísan að róa með tekjur. Þær hafa verið mjög sveiflukenndar frá árinu 2006 eins og kemur fram á línuritinu sem hér fylgir. Þetta línurit sýnir að verð fyrir tonn á þessu tímabili hefur sveiflast úr 2.000 dollurum í 6.000 dollara. Þetta eru gríðarlegar verðsveiflur og MS lét til dæmis verðfallið 2009 ekki birtast að fullu í skilaverði til bænda.

Það er mikið hagsmunamál fyrir framleiðendur, sem framleiða umframjólki, að okkur takist að vinna nýja neytendamarkaði bæði fyrir smjör og skyr. Það kemur hins vegar ekki að sjálfu sér og getur kostað umtalsverða fjármuni. Kostnaður við að markaðssetja skyr á einum af minni mörkuðum Evrópu með það í huga að ná raunverulegum árangri getur hlaupið á hundruðum milljóna íslenskra króna. Um þetta höfum við skýr dæmi. Það kostar hins vegar afar lítið að afsetja duft og smjör á stórnotendamarkað.

Markaðir fyrir mjólkurvörur eru fyrst og fremst í löndunum hér í kringum okkur. Við búum við tollahindranir í útflutningi til Evrópusambandsins og munum að óbreyttu fullnýta td skyrkvótann þangað í útflutningi til Finnlands á næsta ári. Ísland hefur sótt um að auka við þennan kvóta en það gæti tekið langan tíma að fá niðurstöður í það mál. Við erum í augnablikinu að skoða möguleika á að auka töluvert útflutning á skyr til Bandaríkjanna. Það skýrist væntanlega um áramót hvaða kostir eru okkur opnir þar.

Útflutningurinn byggist fyrst og fremst á umframjólki. Því er í lokin fróðlegt að skoða hverjir eða hve margir framleiða umframjólki.

Árið 2010 framleiddu 55% bænda enga umframjólki. Tæplega helmingur framleiddi umframjólki. Hins vegar voru einungis 11% framleiðenda með um 67% framleiðslunnar og innan við þriðjungur var með 90% framleiðslunnar.

Kálfaduftsframleiðsla og sala gengur vel

Fyrir rúmu ári hófust tilraunir Mjólkursamsölnnar til að framleiða kálfaduft í duftgerð MS á Selfossi. Nokkrar tafir urðu á framleiðslunni, sem fyrst og fremst eiga sér tvær meginástæður. Annars vegar urðu tafir á lagfæringum á duftframleiðslunni á Selfossi eftir eldsvoða sem þar varð á miðju ári 2010. Fyrir vikið var ekki hægt að keyra framleiðslu þar á fullum afköstum og undanrennuduftframleiðsla varð að hafa forgang. Hin ástæðan er þróun á kálfadufti á markaði í átt að ódýrari og einfaldari framleiðslu. MS hefur nú þróað duft sem er samkeppnisfært á markaði að innihaldi og í verði. Það er nú fánlegt hjá öllum helstu fódursöllum.



Mjólkurvörur sterkar á innanlandsmarkaði og horfur á auknum útflutningi

Á fulltrúafundinum í Reykjavík gerði Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs, grein fyrir sölunni á þessu ári og allt frá hrúni. Þar kom fram að sala á mjólkurvörum hefur verið stöðug á þessu tímabili á sama tíma og töluverður samdráttur hefur orðið í dagvöruvísitölunni sem mælir þróun í sölu matvæla. Vístalan er enn 6,5% undir því sem var árið 2008. Horfur eru á að salan á þessu ári verði yfir áætlunum félagsins. Jón ræddi einnig nokkuð um útflutning mjólkurafurða. Horfur eru á að umframmjólk verði um 9 milljónir lítra á þessu ári og svipuð á næsta. Mest af umframframleiðslunni fer í duft og smjör en hlutur skyrts er vaxandi í útflutningi. Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði flutt út að minnsta kosti 550

tonn af skyri. Það er ígildi um 1,6 milljónar lítra af mjólk. Mjólkursamsalan á í viðræðum við tvö erlend fyrirtæki sem hafa áhuga á að kaupa skyr til dreifingar í verslanir ytra. Takist samningar gæti þessi útflutningur vaxið töluvert á næstu tveimur árum. Svigrúm Mjólkursamsölnnar til framleiðslu og útflutnings á skyri án þess að mjólkurframleiðsla aukist er umtalsvert. Hægt væri að framleiða liðlega 2.000 tonn af skyri til viðbótar úr þeirri umframmjólk sem þegar er fyrir hendi. Skyrútflytningurinn gefur töluvert betur af sér en duftframleiðslan. Því væri gott fyrir afkomu bænda að nýta þann kost fremur en að auka framleiðslu sjálfkrafa með aukinni skyr sölu.



Mjólk
Gleðileg

